

1997 nr. 2 10. janúar**Lög um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga**

Upphaflega 1. 16/1965. Tóku gildi 24. apríl 1965. *Breytt með* l. 14/1969 (tóku gildi 22. apríl 1969) og l. 17/1978 (tóku gildi 18. maí 1978). **Endurútgæfin, sbr. 58. gr. l. 141/1996, sem l. 2/1997. Tóku gildi 1. maí 1997.** *Breytt með* l. 141/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997), l. 142/1997 (tóku gildi 30. des. 1997), l. 84/1998 (tóku gildi 1. jan. 1999), l. 42/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 124/2003 (tóku gildi 30. des. 2003), l. 47/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 47/2006 (tóku gildi 1. júlí 2006), l. 167/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 62/2007 (tóku gildi 4. apríl 2007), l. 48/2010 (tóku gildi 11. júní 2010), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 46/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017) og l. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

■ 2. gr.

□ Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

■ 3. gr.

□ Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skipar [ráðherra]¹⁾ tvo þeirra og stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

¹⁾ L. 126/2011, 229. gr.

■ 4. gr.

□ Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

□ [Ráðherra]¹⁾ staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn [Fjármálaeftirlitsins].²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 229. gr. ²⁾ L. 84/1998, 12. gr.

■ 5. gr.

□ Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

■ 6. gr.

□ Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. [Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af ríkisendurskoðanda.]¹⁾

¹⁾ L. 46/2016, 23. gr.

■ 7. gr.

□ Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

□ Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

□ Launagreiðendur greiða [8%]¹⁾ af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

□ Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 8. gr. greiðir launagreiðandi hans [12%]¹⁾ af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald til sjóðsins.

□ [Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, [ákvarðanir kjararáðs],²⁾ [ákvarðanir skv. 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins]³⁾ eða kjarasamninga, sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af og miðað er við til greiðslu lífeyris. Viðmiðunarlaun skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og [lögum um kjararáð].²⁾⁴⁾

¹⁾ L. 167/2006, 8. gr. ²⁾ L. 47/2006, 13. gr. ³⁾ L. 130/2016, 8. gr. ⁴⁾ L. 47/2005, 1. gr.

■ 8. gr.

□ Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

□ Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagsins og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðsla lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðsla er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

□ Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum síðan ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

□ Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

□ Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlut-

fallslega lægri hundradshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

□ Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í a.m.k. tíu ár.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns¹⁾ um starfshæfnina og vottorð [trúnaðarlæknis sjóðsins]¹⁾ um heilsufar.

□ Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 17. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi.

¹⁾ L. 124/2003, 1. gr.

■ 9. gr.

□ Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist reglubundið, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

□ Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22.00 til 9.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

□ Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi [8%].¹⁾

□ Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

□ Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.

□ Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

□ Fyrir jafngildi hveurrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnt réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

¹⁾ L. 167/2006, 9. gr.

■ 10. gr.

□ Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er [trúnaðarlæknir sjóðsins]¹⁾ metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

□ Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn

lífeyrisrétt skv. 8. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

□ Sé örorkan milli 10% og 50% er örorkulífeyririnn sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 65 ára aldri fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

□ Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyririnn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarfræðinga er starfa í þeirra þjónustu.

¹⁾ L. 124/2003, 1. gr.

■ 11. gr.

□ Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum [eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið].¹⁾

□ Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkinin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð.

2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátíð og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.

3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

□ Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

□ Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyririnn eftir fyrri eða síðari makann.

□ Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

□ Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétt-hafar makalífeyris fleiri en tveir.

□ Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátíð, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

¹⁾ L. 42/2002, 1. gr.

■ 12. gr.

□ [Börn eða kjörbörn sem sjóðfélagi lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið þar til þau eru fullra 18 ára að aldri. Sama gildir um börn eða kjörbörn sem sá maður lætur eftir sig er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.]¹⁾

□ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almennatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almennatrygginga.

□ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundradshlutar af hámarksörorkulífeyri.

□ Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

¹⁾ L. 42/2002, 2. gr.

■ 13. gr.

□ Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu sem hærra var launað.

□ Sama regla gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

□ Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr., eða skv. 6. mgr. 8. gr., skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 8. gr. frá

þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

□ Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum er starfinu fylgdu fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

■ 14. gr.

□ Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 13. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 12. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

□ [Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 167/2006, 10. gr.

■ 15. gr.

□ Nú flyst sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélagi í þeim sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast.

□ Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af [ráðuneytinu],¹⁾ eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er [ráðuneytið]¹⁾ samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

□ Á tilsvarendi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki [ráðherra],¹⁾ að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

□ Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki [ráðherra],¹⁾ heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því hann var ráðinn og að hann sé eldri en 30 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

□ Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara

sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

¹⁾ L. 126/2011, 229. gr.

■ 16. gr.

□ Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann.

■ 17. gr.

□ [Hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og höfðu heimild til aðildar að sjóðnum við árslok 2004, skulu eiga rétt til aðildar að sjóðnum á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu eða á heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni og rekin er sem sjálfseignarstofnun eða alfarið á vegum styrktar- eða líknarfélaga, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun.

□ Aðrir launagreiðendur en um er getið í 1. mgr., sem fengið höfðu heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í árslok 2004, hafa heimild til að greiða fyrir þá starfsmenn sína sem þeir greiddu fyrir í árslok 2004 og þá hjúkrunarfræðinga sem heimild hafa til aðildar að sjóðnum og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og greitt hafa samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004.

□ Stjórn sjóðsins getur samþykkt aðild að sjóðnum fyrir þá hjúkrunarfræðinga sem höfðu heimild til aðildar að sjóðnum í árslok 2004 og fæddir voru á árinu 1950 eða fyrr og höfðu greitt samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004, enda starfi þeir hjá heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er að skilyrða aðild samkvæmt þessari málsgrein við að lífeyrisskuldbindingar séu gerðar upp skv. 3.–5. mgr. 20. gr.

□ Hjúkrunarfræðingar, sem heimild áttu til aðildar að sjóðnum við árslok 2004 og starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa jafnframt heimild til aðildar að sjóðnum, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjá öðrum sjóðfélögum.

□ Sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að þeim sjóði, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

□ Falli iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga niður í framhaldi af slitum á ráðningarsambandi, t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að sjóðnum, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til sjóðs-aðildar innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.¹⁾

¹⁾ L. 47/2005, 2. gr.

■ 18. gr.

□ Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

□ Lífeyrir greiðist með $\frac{1}{12}$ árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

■ 19. gr.

□ Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyrskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögöld né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

■ 20. gr.

□ Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, honum þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

□ Hafi innan árs áður en taka lífeyris hefst verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

□ [Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki [ráðherra]¹⁾ að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum skv. 1. mgr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörrið tekur til.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki [ráðherra]¹⁾ að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 7. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki [ráðherra]¹⁾ að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörrið tekur til.

□ Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til sjóðsins skv. 1. og 3. mgr. 7. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, sbr. og ákvæði til bráðabirgða II í þeim lögum. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreið-

enda vegna hækkana á lífeyri á sama ári skv. 1. mgr. eða úppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 229. gr. ²⁾ L. 142/1997, 4. gr.

■ 21. gr.

□ Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og 1. mgr. 58. gr. laga nr. 141/1996,¹⁾ valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir herra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði hátað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

□ [Kjósi sjóðfélagi að lífeyrir taki breytingum sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er hann gegndi, sbr. 1. mgr., og laun fyrir það starf eru ekki tæk til viðmiðunar á iðgjaldagreiðslum til deildarinnar, sbr. 5. mgr. 7. gr., skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem greiðslur lífeyris taka mið af. Viðmiðunarlaun skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn eða starfsmenn sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og [lögum um kjararáð]²⁾ [eða 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins].³⁾⁴⁾

¹⁾ L. 141/1996 voru um breyting á l. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar með fyrirnefndu lögum voru felldar inn í þau síðarnefndu og þau síðan endurútgefin sem l. 1/1997. ²⁾ L. 47/2006, 13. gr. ³⁾ L. 130/2016, 8. gr. ⁴⁾ L. 47/2005, 3. gr.

■ 22. gr.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

□ Jafnframt eiga sjóðfélagar, sem eru á aldrinum frá 45 ára til 55 ára við gildistöku laga þessara, rétt á að hefja töku lífeyris á aldrinum frá 60 ára til 65 ára, þó svo að þeir uppfylli ekki aldurskilyrði 4. mgr. 8. gr., enda hafi þeir þá látið af þeim störfum sem veitt hafa aðild að sjóðnum. Réttur til töku lífeyris samkvæmt þessari málsgrein ákvarðast þannig að við 60 ára aldursmarkið bætist 0,5 mánuðir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hlutaðeigandi sjóðfélaga vantar til að hafa náð 55 ára aldri við gildistöku laga þessara.

■ 23. gr.

□ Við gildistöku laga þessara skal reikna áunninn lífeyrisrétt allra sjóðfélaga eftir iðgjaldagreiðslutíma og hæsta starfshlutfalli sem viðkomandi sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, en þó aldrei af herra starfshlutfalli en 100%. Hafi sjóðfélagi þannig greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi samfellt í a.m.k. eitt ár, eða samtals í þrjú ár ef ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða, skal reikna honum 2% réttindaávinning fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, og hlutfallslega fyrir hluta úr ári. Hafi hæsta starfshlutfall, sem sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, verið lægra en 100% skal hins vegar reikna hlutfallslega lægri réttindi fyrir hvert ið-

gjaldagreiðsluár. Útreiknuð réttindi samkvæmt þessu skulu þó aldrei vera lægri en réttur skv. 2. mgr. 8. gr.

□ Hafi sjóðfélagi náð hæsta starfshlutfalli sínu samtals í eitt ár eða lengri tíma, án þess að um samfellu í iðgjaldagreiðslum í eitt ár hafi verið að ræða, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja það til grundvallar útreikningi skv. 1. mgr., enda hafi sjúkdómsforföll, atvinnuleysi eða sambærilegar ástæður komið í veg fyrir samfelldar iðgjaldagreiðslur.

■ 24. gr.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að miðað verði við meðalhækkunar á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 8. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins a.m.k. þrjú ár.

■ 25. gr.

□ Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu, þurfa þeir hjúkrunarfræðingar, sem lokið hafa iðgjaldagreiðslu í 30 ár skv. 7. gr. laga nr. 16/1965, ekki að greiða iðgjald til sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að taka við iðgjöldum frá viðkomandi hjúkrunarfræðingum samkvæmt beiðni þeirra frá gildistöku laga þessara og þar til þeir hafa lokið iðgjaldagreiðslu skv. 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr.

■ 26. gr.

□ Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna hjúkrunarstörfum sem [veitt hefðu rétt til aðildar að sjóðnum fyrir stofnun A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins].¹⁾

□ Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi [á réttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins].¹⁾

¹⁾ L. 48/2010, 2. gr.

■ [27. gr.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að setja reglur²⁾ um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna sem falla undir samkomulag Norðurlandanna frá 1. júní 2001 um samræmingu lífeyrisréttinda samkvæmt lífeyrisreglum ríkisstarfsmanna. Fela má Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins framkvæmd samkomulagsins. Kostnaður sem hlýst af framkvæmd þess greiðist úr ríkissjóði.

□ Heimilt er að ákveða í reglum, sbr. 1. mgr., að víkja megi frá skilyrðum laga þessara um upphaf lífeyristöku, enda teljist það nauðsynlegt við samhæfingu réttinda samkvæmt samkomulaginu. Með sama hætti má ákveða að upphæð ellilífeyris lækki svo að ekki aukist heildarskuldbindingar sjóðsins þegar ríkisstarfsmaður velur að hefja töku ellilífeyris fyrr en samkvæmt lögum þessum.

□ Reikna skal út aukinn kostnað við greiðslu lífeyris sem kann að leiða af framkvæmd samkomulagsins og skal ríkissjóður greiða lífeyrissjóðnum þá fjárhæð.

□ Útreikningar skulu byggðir á sömu tryggingafræðilegu forsendum og notaðar eru við mat á skuldbindingum sjóðsins.

Ágreiningi sem rísa kann út af beitingu samkomulagsins verður skotið til úrskurðar [ráðherra].¹⁾³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 229. gr. ²⁾ Rg. 705/2008. ³⁾ L. 62/2007, 4. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA